

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð systkinanna, Bryndísar Gísladóttur og Braga Þórs Gíslasonar, listmálara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. janúar 1986:

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð systkinanna, Bryndísar Gísladóttur og Braga Þórs Gíslasonar, listmálara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður systkinanna Bryndísar Gísladóttur og Braga Þórs Gíslasonar, listmálara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af foreldrum þeirra, Jóhönnu Ólafsdóttur, nnr. 5043-0677 og Gísla Guðmundssyni, nnr. 2669-6712, Óðinsgötu 17, Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rekstur Gervinýrnadeildar Landspítalans, en síðar til styrktar hliðstæðri starfsemi verði sú deild lögð niður.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: yfirlæknir á nýrnadeild Landspítalans, hjúkrunarforstjóri Landspítalans og Jóhanna Ólafsdóttir, nnr. 5043-0677, móðir systkinanna. Falli Jóhanna frá á undan Gísla Guðmundssyni, nnr. 2669-6712, föður systkinanna, skal hann taka sæti í stjórninni í hennar stað. Gísli skal ávallt eiga rétt til setu á stjórnarfundum. Að þeim báðum, Jóhönnu og Gísla látnum skal einhver af nánustu ættingjum þeirra taka sæti í stjórninni. Skal sá valinn af hinum tveimur stjórnendum. Verði ágreiningur milli þeirra um val á manni í stjórn, skal hlutkesti ráða.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5 000,00 — fimm þúsund 00/100 — og má það ekki skerða. Ávaxta skal það á sem hagkvæmasta hátt.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, tekjur vegna sölu á minningarkortum svo og af öðrum framlögum hverju nafni sem nefnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um á hvern veg tekjum sjóðsins skal varið, þó innan ramma 3. gr.

8. gr.

Fái sjóðurinn engar tekjur að undanskildum vöxtum af stofnfé í tíu ár samfelt er stjórninni heimilt að leggja sjóðinn niður og ráðstafa öllum eignum sjóðsins á sama hátt og tekjum sbr. 3. gr.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Þegar reikningar hafa verið samþykktir af stjórninni, skal senda þá til ríkisendurskoðunar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.